# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 81

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Inf. 14/10 '11
Bygg. Zi

## Eftirrit
## af byggingarnefndargjörð 14. október 1911

'Ar 1911, 14. október var haldinn fundur í byggingarnefndinni og komu þá fyrir þessi mál:

x 1. Luðvig Hafliðasyni leyft að byggja geymsluskúr á lóð sinni Vesturgötu 11, á austurhlið lóðarinnar 8° x 3½° að stærð. Eldvarnarveggur verður á austurhlið skúrsins.

x 2. Jóhanni Jóhannessyni kaupmanni leyft að lengja hús sitt við Laugaveg 19, til vesturs um 8 álnir með sömu breidd og gamla húsið (12°) sömuleiðis að breyta gluggum og herbergjaskipun í gamla húsinu.

3. Hermanni Guðmundssyni leyft að setja reykháf í útihúsi hans við nr. 9 við Smiðjustíg, en hann ætlar að hafa þar þvottaklefa.

x 4. Sigurjóni Oddssyni leyft að byggja geymsluskúr 10° x 4½° og við hann annan skúr 2° x 2½° á lóð hans nr. 6 við Lindargötu. Hlið skúrsins á að liggja að Vatnsstíg og þaki að halla frá götunni.

x 5. J. G. Halberg leyft að loka með gleri efri veggsvölunum á húsi sínu við Laufásveg nr. 9.

6. Amtmannsekkju E. Jónassen leyft að byggja íbúðarhús úr timbri 14½° x 13° með forstofu fram úr norðurgafli 8° x 3½ við Þingholtsstræti austanvert á lóð sinni nýkeyptri þar. Um lóðarstærðina og afstöðu hennar við fyrirhugaða götulagningu að austanverðu er nokkur óvissa, ~~sem~~ byggingarfulltrúa er falið að leita upplýsinga um hið fyrsta. Hús þetta verður nr. 37 við Þingholtsstræti. 35

x 7. Jónas H. Jónsson sækir um að mega breyta geymsluskúr og hálfloptsviðu suður úr húseign hans Báruhús í íbúðarhús. Nefndin gat ekki leyft breytinguna sökum þess að eftir hinum framlagða uppdrætti fullnægir ekki húsið ákvæðum byggingarsamþyktarinnar, þegar að því leyti að eigi á að verða nema einn stigi í húsinu.

x 8. P. J. Thorsteinsson & Co. leyft að byggja íbúðarhús úr timbri ~~tvílopta~~ð 26° x 18° að stærð með 3 útbyggingum 8 x 4¼°, 3° x 8° og 6°

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Húsið á að standa á lóð hlutafélagsins fyrir sunnan
Fríkirkjuna 14 álnir upp frá fyrirhuguðum götujaðri
og verður nr. 7 við Fríkirkjuveg. Slökkviliðsstjóri (bygg-
ingarfulltrúinn) og Rögnvaldur Olafsson eru á móti
byggingarleyfinu vegna gerðar hússins og hinn síðari vegna
þess það verði eigi byggt úr steini.
9°. Vilhjálmur Ingvarsson (Suðurgötu 20) sækir um að fá til
afnota 5-10 álna breiða skák úr túni Sont. kaupm. Johnson
er fyrirhugað er að Garðastræti liggi eftir, fyrir ofan (vestan)
lóð hans, en hann ætlar að byggja þar íbúðarhús upp við
Garðastræti en kemst ekki að hússtæðinu aðra leið en
eftir Garðastræti. Byggingarnefnd fann ekki ástæðu til
að gjöra neina ályktun um töku umbeðinnar skákar úr
túninu, undir hið fyrirhugaða stræti, fyr en að því kæmi
að útvísunar undir hús á þessum stað yrði beiðst.
10°. Útaf bréfi stjórnarráðsins, dags. 26. sept. 1911, um götu
yfir Arnarhólstún, fal nefndin bæjarverkfræðingnum og
Rögnvaldi Olafssyni að gjöra breytingartillögur við uppdrátt
þá, er bæjarstjórnin hafði fyrir sér 21. febr. 1907
Allir á fundi nema Páll Einarsson.

Fundi slitið

Kr. Zimsen

Tr. Gunnarsson Rögnvaldur Olafsson. Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Verzlunin „Vesturgötu 11".

## Ludvig Hafliðason

kaupmaður

Reykjavík, 30 Sept. 1911

P. BOX 85

Hjer með vil jeg fara þess á leit við hina heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur að henni mætti þóknast að leifa mér að byggja geymsluskúr á lóð minni í Vesturgötu 11 að stærð 8 al lengd $3\frac{1}{2}$ al breidd og $3\frac{3}{4}$ al hæð, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttur sínir.

Virðingarfylst

Ludv. Hafliðason

B. Rek: 633/1911 – B. 21.

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik 13 okt 1911

Hjermeð leifi jeg mjer undirskrifaður að biðja hina heiðruðu Byggingar-nefnd Reykjavíkur leifis að fá mega breita húseign minni við Laugaveg 49 og byggja við hana samkvæmt þeim uppdrætti sem hjer með fylgir

Virðingarfyllst

Joh. Jóhannesson

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Bók 634/911. Bn 21.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Virðingarfyllst leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn í Reykjavík, að henni mætti þóknast að leyfa mjer að setja upp þvottaklefa í útihúsi mínu, sem að mestu leiti er bygt úr steini við aðalhúsið No 9. á Smiðjustig, og herra verkfræðingnum er kunnugt um,

Virðingarfyllst
Hermann Guðmundsson

til Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

B. Ark. 635/1911 Bj 21.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur, að hún mæli út undir gaimalv skúr á lóð minni við við Lindar-götu númer 16. samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

Reykjavík 3 oktober. 1911

Virðingarfyllst

B.Rvk. 6 36/1911 Bg 21. Sigurjón Oddsson

Til

Byggingarnefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik den 3 October 1911.

Herved tillader jeg mig, at ansöge den ærede Byggecommission, om Tilladelse til at sætte Vinduer, i den överste Altan, paa min Eiendom, Laufásveg 9. heri Byen.

Med megen Agtelse

M. Matthey.

Samþykkt á fundi byggingarnefndar 14. okt. 1911

K. Zimsen
settur

B. 637/1911 - Bg 21.

Til Bygningscomitéen i Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1145.40

Hjermeð leyfi jeg mjer að beiðast þess af hinni háttvirtu byggingarnefnd, að hún mæli mjer út hússtæði á lóð minni, sem jeg hefi keypt í Þingholtsstræti, fyrir sunnan lóð Þorsteins Erlingssonar, og leyfi mjer jafnframt að byggja hús á henni samkvæmt hjálögðum uppdrætti.

./.

Reykjavík hinn 13. október 1911
Virðingarfyllst

Caroline Jónassen

B. Rvk. 638/1911 Bj 21.

Til

byggingarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við háttvirta byggingarnefnd Reykjavíkur, að hún hlutist til um, að mjer sje gefið leyfi til að breita í íbúð efralofti á geimsluhúsi „Bárunnar“ samkvæmt medfylgjandi uppdrætti.
Er eg keipti tjeða eign „Bárubúð“ 31 Marz þ. á. var mjer skýrt svo frá að útveggir hússins væru samþvæmt því er ákveðið er um íbúðarhús og vænti eg þess því að mjer verði veitt þetta leyfi.

Reykjavík 14 Oktaber 1911
Virðingarfyllst
Jónas H. Jónsson

Til

B. Arkiv. C 39/1911 – Bg 21.

byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

AKTIESELSKABET

P. I. THORSTEINSSON & CO.

TGR.-ADR.: „ISTHOR"
*CODE A. B. C. 5th. EDITION*
*PRIVAT CODE*

*Reykjavík* 13 oktober 1911.
*Iceland.*

Herra Steingrímur Guðmundsson trjesmiðameistari hefur tjáð oss, að hin háttvirta byggingarnefnd óski frekari upplýsinga um hvar og úr havaða efni hús það ætti að byggjast, er vjer með brjefi dags. 29 september høfum sótt um byggingarleyfi fyrir.

Lóð sú er vjer eigum og høfum í hyggju að byggja á liggur við Fríkirkjuveg, milli Fríkirkjunnar og Kvennaskólalóðarinnar neðanverðrar. Húsið er ákveðið að verði byggt úr timbri, járnvarið og kjallarinn úr steinsteipu.

Virðingarfyllst,

H/F. P. I. THORSTEINSSON & CO.

Aug. Möller Thorsteinsson

B. Prot. 640/1911 - Bygg 21.

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur kaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

AKTIESELSKABET

P. I. THORSTEINSSON & CO.

TGR.-ADR.: „ISTHOR“
*CODE A. B. C. 5th. EDITION*
*PRIVAT CODE*

*Reykjavík* ................................
*Iceland.*

Jafnframt því að vjer hjermeð sendum hinni háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur tvennar teikningar af íbúðarhúsi, er vjer høfum í hyggju að byggja, og af lóð þeirri, er það á að standa á við Fríkirkjuver hjer í bænum, leyfum vjer oss að æskja þess, að málefni þetta verði sem allra fyrst afgreitt, og oss veitt byggingarleyfið.

Reykjavík, 29. september 1911.

Virðingarfyllst,

h/f. P. I. Thorsteinsson & Co.

Aug. Möller  J. Magnússon

Til Byggingarnefndar Reykjavíkur.

Ákvæði um veg etc 28 okt 1905

B. Rvk. 641/4/11 Bú 21.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi eg mér að óska eptir, að hin háttvirta bæjarstjórn Reykjavíkur vildi annast um, að eg fengi leyfi til, að nota sem götu 5-10 álna breiða skák af túni herra kaupm. Þorl. Ó Johnsen, er hið fyrirhugaða Garðastræti á að liggja eptir, og sem er meðfram lóð minni á Hólavelli, fyrir norðan hús Bjarna hringjara.

Af því hvergi er hægt að hafa aðgang að lóðinni nema á þennan veg, er mér nauðsynlegt að fá þetta leyfi sem fyrst.

Eg vil taka það fram, að eg ætlast ekki til að bærinn leggi neitt í kostnað við götubygginguna á skák þessari min vegna, en mundi verða fús til að bera ofaní hana möl, ef til komi að eg byggði þar, og grefti fyrir grunni. Verkfræðingur bæjarins hefir skoðað þennan stað, og veit hvernig til hagar.

Virðingarfyllst

Reykjavík Suðurg. 20. 3 Okt. 1911.

Vilhj. G Ingvarsson

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

B. Pr[illegible] 642/1911 Bj 21.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur